



Stjórn SSH 334. fundur

Mánudaginn 4. maí 2009 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Jónmundur Guðmarsson, Gunnar Einarsson, Gunnar I. Birgisson, Sigurður Magnússon og Lúðvík Geirsson. Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Haraldur Sverrisson formaður setti fund og stjórnaði honum.

Þetta gerðist:

1. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001 -2024

Á fundinn mættu Hrafnhildur Brynjólfssdóttir og Guðrún Dröfn Gunnarsdóttir frá Verkís og kynntu stöðu á vinnu fyrirtækisins fyrir SSH og Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins við greiningu á þróun, úrvinnslu og stöðu svæðisskipulagsins frá samþykkt þess.

Reiknað er með að vinnu verkefnisins ljúki á næstu 2 vikum og þá verði niðurstöður þess kynntar Samvinnunefndinni og öðrum sem hlut eiga að máli.

2. Skógræktarfélag Íslands – styrkbeiðni, frestun frá síðasta fundi.

Fyrir fundinum lágu upplýsingar um áfallinn kostnað við undirbúning og hönnun „Græna stígsins“ sem stjórn óskaði eftir á síðasta fundi.

Stjórn SSH getur ekki orðið við framkominni beiðni Skógræktarfélagsins um 3 m. króna styrk, en felur framkvæmdastjóra að ræða við Skógræktarfélagið um mögulegt samstarf aðila og kostnaðarþátttöku SSH í sérgreindum kostnaði við verkefnið héðan í frá.

3. Samráðsfundir.

Fyrir fundinum lágu fundargerðir eftirfarandi samráðsfunda:

- a) Samráðsfundur velferðarsviða frá 6. mars sl.
- b) Samráðsfundur forstöðumanna fræðslusviða frá 9. mars sl.



4. Þjóðvegir á höfuðborgarsvæðinu.

Fyrir fundinum lá samantekt Þórarins Hjaltasonar, Almennu verkfræðistofnunarinnar með upplýsingum um áhrif breytinga sem gerðar hafa verið á vegaskrá, m.a. um umfang á árlegum akstri á þeim vegum sem falla til sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og mat á tekjum ríkissjóðs vegna þess aksturs.

Stjórnin óskar eftir því að við niðurstöður skýrslunnar verði bætt upplýsingum um áætlaðar tekjur ríkisins af öllum akstri á vegum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, og frestar umfjöllun um skýrslunar þar til þær upplýsingar liggja fyrir. Þá telur stjórn SSH eðlilegt að þegar niðurstöðurnar liggja fyrir verði kallað eftir sérstökum fundi með vegamálastjóra til að ræða um vegamál á höfuðborgarsvæðinu.

5. Framlag jöfnunarsjóðs v. uppeldis- og fræðslumála.

Sigurður Magnússon kynnti niðurstöður skýrslu sem unnin hefur verið á vegum Sveitarfélagsins Álfarness um greiðslur Jöfnunarsjóðs til einstakra sveitarfélaga v. uppeldis og fræðslumála.

Stjórn SSH telur ástæðu til að hraðað verði endurskoðun á reglum jöfnunarsjóðs og að gerðar verði leiðréttingar svo aðstöðumunur einstakra sveitarfélaga verði jafnaður enn frekar en nú er. Við endurskoðun reglnanna verði sérstaklega hugað að stuðningi við sveitarfélög með einhæfa tekjustofna og samfélög þar sem hlutfall barna og unglinga er hátt.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:45